

# 180. aðalráðstefna

## Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu

október 2010

### Hugleiðingar um helgað líf

Öldungur D. Todd Christofferson  
í Tólfpostulasveitinni

Þegar ég var unglingur fór ég á Heimskaupstefnuna 1964 í New York borg. Af þeim sýningarskálum sem mér þótti mest til koma var skáli kirkju SDH með tilkomumikilli eftirmynd af turnum Salt Lake musteirisins. Þar sá ég í fyrsta sinn kvikmyndina *Leit mannsins að lífshamingju*. Myndin var um sálhjálparáætlunina og var öldungur Richard L. Evans sögumaður. Hafði myndin veruleg áhrif á marga gestanna, og einnig á mig. Öldungur Evans sagði meðal annars þetta:

„Lífið gefur ykkur tvær dýrmætar gjafir. Önnur er tími og hin er valfrelsi – frelsi til að helga tíma ykkar því sem þið viljið. Ykkur er frjálst að sóa ykkar úthlutaða tíma í spennu og hasar. Ykkur er heimilt að sóa honum í lágkúrulegar langanir. Þið getið sóað honum í ágirnd. ... Ykkur er frjálst að velja. En þetta eru engin kjarakaup, því þau veita enga varanlega lífsfyllingu.

„Þið verðið einhvern tíma krafín reikningsskila fyrir hvern dag, hverja klukkustund, hverja mínútu, af ykkar jarðneska tímaskeiði. Í þessu lífi þurfið þið að sýna trú og færa sönnur á að þið getið valið hið góða í stað hins illa, hið rétta í stað hins ranga, varanlega hamingju í stað stundaránægju. Og eilíf umbun ykkar verður í samræmi við val ykkar.

Spámaður Guðs sagði: „Menn lifa, svo að þeir megí gleði njóta.“ Gleði sem felur í sér fyllingu lífsins, líf helgað þjónustu, elsku og samhljómi á heimilinu og ávexti heiðarlegrar vinnu, móttöku á fagnaðarerindi Jesú Krists – fyrirmælum þess og boðorðum. Aðeins í þessu finnið þið sanna hamingju, hamingju sem ekki dofna við ljósadýrðina, tónlistina og fjölmennið.“<sup>1</sup>

Þessi orð tjá þann raunveruleika, að lífið á jörðunni sé ráðsmennska á tíma og vali sem skaparinn hefur veitt okkur. Hugtakið ráðsmennska kallar upp í hugann helgunarlögmál Drottins (sjá til að mynda: K&S 42:32, 53), sem er efnahagslegt, en að auki lögmálsregla himneska ríkisins sem lifa á eftir hér og nú (sjá K&S 105:5). Að helga er að vígja eða gera eitthvað heilagt í trúarlegum tilgangi. Sönn velgengni þessa lífs felst í því að helga líf sitt, sem er tími okkar og val, tilgangi Guðs (sjá Jóh 17:1, 4, K&S 19:19). Í þeirri viðleitni leyfum við að hann hefji okkur upp til okkar æðstu hlutskipta.

Ég ætla að ígrunda með ykkur fimm þætti helgaðs lífs. Hreinleiki, vinna, virðing fyrir líkamanum, þjónusta og ráðvendni.

Frelsarinn sýndi að helgað líf er hreint líf. Þótt Jesús sé einn um að hafa lifað syndlausu lífi, munu þeir sem til hans koma og taka á sig hans ok, eiga kröfu til náðar hans, sem gerir þá eins og hann er, saklausa og flekklausa. Af innilegri ástúð hvetur Drottinn okkur með þessum orðum: „Iðrist, öll endimörk jarðar og komið til mín og látið skírast í mínu nafni, svo að þér megíð helgast fyrir móttöku heilags anda og þér fáið staðið flekklaus frammi fyrir mér á efsta degi“ (3 Ne 27:20).

Helgun merkir því iðrun. Láta verður af þrákelkni, uppreisn og réttætingu og í þeirra stað þarf að koma undirgefni, þrá til að gera yfirbót og viðurkenning á öllu því sem Drottinn krefst. Benjamín konungur sagði það felast í því að losa sig úr viðjum hins náttúrlega manns, láta undan umtölum hins heilaga anda og verða heilagur „fyrir friðþægingu Krists, sjálfs Drottins“ (Mósía 3:19). Slíkum er heitið stöðugri návist heilags anda, loforði sem hin iðurnarfulla sál hefur í huga og endurnýjar í hvert sinn er hún meðtekur sakramenti kvöldmáltíðar Drottins (sjá K&S 20:77, 79).

Öldungur B. H. Roberts lýsti þessu ferli með þessum orðum: „Sá sem þannig gengur í ljósi, visku og krafti Guðs, mun að lokum, einmitt í krafti þess samfélags, tileinka sér ljós, visku og kraft Guðs – flétta saman þessa skæru geisla í guðlega keðju, og ævarandi tengja sig Guði og Guð sér. Þetta er merking hinna dulrænu orða Messíasar: ‚Þú, faðir, ert í mér og ég í þér‘ – sem mannleg geta fær ekki áorkað.“<sup>2</sup>

Helgað líf er líf vinnusemi. Jesús tók snemma í lífi sínu að huga að málum föður síns (sjá Lúk 2:48–49). Guð sjálfur er dýrðlegur sökum þess verks síns að gjöra ódauðleika og eilíft líf barna sinna að veruleika (sjá HDP Móse 1:39). Við þráum auðvitað að taka þátt í verki hans með honum, og ættum í þeirri viðleitni að gera okkur ljóst að allt heiðarlegt starf er verk Guðs. Með orðum Thomas Carlyle: „Allt heiðarlegt starf er heilagt; í öllu starfi, sé það heiðarlegt handtak, má finna guðleika. Vinna, víðfeðm sem jörðin, nær hámarki á hinnum.“<sup>3</sup>

Guð ætlar þessari jarðnesku tilveru að krefjast nánast stöðugar áreynslu. Ég minnst þessara skýru orða spámannsins Josephs Smith: „Með stöðugu striti tókst okkur að komast sæmilega af“ (Joseph Smith–Saga 1:55). Með vinnusemi sjáum við fyrir okkur og auðgum lífið. Hún gerir okkur kleift að sigrast á vonbrigðum og hörmungum jarðlífsins. Árangur sem næst með erfiðsvinnu stuðlar að sjálfsvirðingu. Starfið byggir upp og fagar persónuleikann, skapar fegurð og með því þjónum við hvert öðru og Guði. Helgað líf er yfirfullt af verkefnum, stundum endurteknum, stundum fábreyttum, stundum lítilsmetnum, en alltaf verkefnum sem endurbæta, koma reglu á, viðhalda, lyfta, þjónusta, stuðla að framförum.

Þar sem ég hef lofsamað vinnusemi, verð ég einnig að leggja inn gott orð varðandi tómstundaiðju. Heilbrigð dægrastytting vekur vellíðan líkt og heiðarlegt erfiði. Tónlist, bókmenntir, myndlist, dans, leiklist, íþróttir – allt getur þetta veitt okkur ánægju, auðgað lífið og helgað það enn frekar. Á sama tíma þarf vart að taka fram að margt af því sem nú er gert sér til afþreyingar er klúrt, smánarlegt, ofbeldisfullt, skaðlegt huganum og sóun á tíma. Kaldhæðnislegt er að stundum þarf mikið erfiði til að finna heilbrigða dægrastyttingu. Þegar afþreying breytist úr dyggð yfir í ódyggð mun hún rífa niður hið helgaða líf. „Gætið þess því ... að telja ekki, að hið illa sé frá Guði komið“ (Moró 7:14).

Helgað líf tengist einnig þeirri óviðjafnanlegu gjöf að hafa efnislíkama, guðlega sköpun í mynd Guðs. Megintilgangur hinnar jarðnesku tilveru er að hver andi hljóti slíkan líkama og læri að iðka siðferðislegt sjálfræði í líkama af holdi. Efnislíkami er einnig nauðsynlegur til upphafningar, sem aðeins getur átt sér stað í fullkominni sameiningu hins efnislega og andlega, eins og við sjáum hjá okkar ástkæra, upprisna Drottni. Í þessari föllnu veröld munu sumir deyja sorglega ungir og aðrir dvelja í vansköpuðum eða vanbúnum líkama, og fá stundum vart dregið fram lífið, en lífið verður þó nægilega langt fyrir alla anda og hver líkami verður fullgildur til uppris.

Þeir sem telja að líkamar okkar séu aðeins afleiðing tilviljunarkenndrar þróunar, munu á engan hátt finna til ábyrgðar gagnvart Guði eða öðrum fyrir því hvernig þeir fara með líkama sinn. Við sem eigum vitnisburð um raunveruleika fortíluveru, jarðlífs og framhaldslífs í eilífu samhengi, verðum að gera okkur grein fyrir því að við höfum skyldum að gegna gagnvart Guði hvað varðar þessa kórónu hinnar efnislegu sköpunar. Með orðum Páls:

„Vitið þér ekki, að líkami yðar er musteri heilags anda, sem í yður er og þér hafið frá Guði? Og ekki eruð þér yðar eigin.

Þér eruð verði keyptir. Vegsamið því Guð með líkama yðar“ (1 Kor 6:19–20).

Ef við tökum á móti þessum sannleika og leiðsögn Thomasar S. Monson forseta á síðustu aðalráðstefnu í apríl, munum við vissulega ekki spilla líkama okkar, til að mynda með húðflúri, eða skaða hann með eiturfjóm eða vanvirða hann með skírlífisbroti, hórdómi eða ósiðsemi.<sup>4</sup> Mikilvægt er að annast líkamann eftir bestu getu, því að hann er verkfæri andans. Við ættum að helga líkamskraft okkar því að þjóna og efla verk Krists. Páll sagði: „Því brýni ég yður, bræður, að þér, vegna miskunnar Guðs, bjóðið fram sjálfa yður að lifandi, heilagri, Guði þóknanlegri fórn“ (Róm 12:1).

Jesús sýndi að helgað líf er líf þjónustu. Nokkrum klukkustundum áður en þjáning og friðþæging Drottins hófst, laugaði hann fætur lærisveina sinna og sagði við þá:

„Fyrst ég, sem er herra og meistari, hef nú þvegið yður um fætuna, þá ber yður einnig að þvo hver annars fætur.

Ég hef gefið yður eftirdæmi, að þér breytið eins og ég breytti við yður.

Sannlega, sannlega segi ég yður: Þjónn er ekki meiri en herra hans né sendiboði meiri þeim, er sendi hann“ (Jóh 13:14–16).

Þeir sem af lítillæti og umhyggjusemi gera gott, eru fyrirmynd helgunar. Enginn á okkar tíma sýnir betur þá eiginleika í daglegu lífi en Thomas S. Monson forseti. Hann hefur lært að hlusta og greina jafnvel lágværasta hvísl andans um að koma nauðstöddum til hjálpar. Oft eru það einföld verk sem staðfesta guðlegan kærleika og umhyggju og ætíð og alltaf bregst Thomas Monson við.

Mér finnst fordæmi afa míns og ömmu, Alexanders DeWitt og Louise Vickery Christofferson, sýna slíka helgun. Afi var sterkur maður og fyrir tíma rafmagnsklippunnar var hann leikinn í að rýja ær. Hann rúði margar ær og sagðist hafa „rúði 287 á einum degi og hefði getað rúði yfir 300, ef ærnar hefur verið fleiri.“ Á árinu 1919 rúði hann yfir 12.000 ær og vann sér inn 2.000 dali. Féð hefði hann getað notað til að stækka býlið og bæta við húsið, en hann var kallaður af bræðrunum til þjónustu í Suðurríkja-trúboðinu og tók á móti kölluninni með fullum stuðningi Louise. Hann yfirgaf eiginkonu sína (sem þá var barnshafandi af fyrsta syni þeirra, föður mínum) og þrjár dætur þeirra og hafði rúningsféð með sér. Þegar hann kom glaður heim, tveimur árum síðar, sagði hann: „Spariféð entist okkur þessi tvö ár og við áttum 29 dali afgang.“

Helgað líf er líf heiðarleika. Við sjáum það þegar hjón „heiðra hjónabandseiða sína af fullkominni tryggð.“<sup>5</sup> Við sjáum það þegar faðir og móðir láta það hafa forgang að rækta

hjónaband sitt og tryggja líkamlega og andlega velferð barna sinna. Við sjáum það í þeim sem eru heiðarlegir.

Fyrir mörgum árum kynntist ég tveimur fjölskyldum, þegar ég tók þátt í að skipta upp sameiginlegu fyrirtæki þeirra. Eigendurnir, tveir menn sem voru vinir og meðlimir í sama kristna söfnuðinum, höfðu byggt upp fyrirtækið mörgum árum áður. Þeir höfðu átt gott samband sem viðskiptafélagar, en þegar þeir tóku að eldast og næsta kynslóð tók að sjá um reksturinn, hófust deilur. Að lokum einsettu allir aðilar sér að best væri að skipta upp fyrirtækinu og láta leiðir skiljast. Annar hinna upprunalegu eigenda beitti brögðum með lögmönnum sínum til að tryggja sér umtalsvert stærri hluta á kostnað hins eigandans og sona hans. Á fundi með aðilunum, kvartaði einn sonurinn undan ósanngirni og höfðaði til heiðurs og kristinnar trúar fyrri eigandans. „Þú veist að þetta er ekki rétt,“ sagði hann. „Hvernig geturðu notfært þér einhvern á þennan hátt, einkum bróður í sömu kirkju?“ Lögmáður fyrri eigandans sagði: „Ó, hættu nú! Hvernig geturðu verið svona barnalegur?“

Heiðarleiki er ekki barnaskapur. En það er barnalegt að halda að við séum ekki ábyrg frammi fyrir Guði. Frelsarinn sagði: „Faðir minn sendi mig, til þess að mér yrði lyft upp á krossinum. ... og á sama hátt og mennirnir hefðu lyft mér mundi faðirinn lyfta mönnunum upp til að standa frammi fyrir mér og verða dæmdir af verkum sínum, hvort heldur þau eru góð eða ill“ (3 Ne 27:14). Sá sem lifir helguðu lífi reynir ekki að notfæra sér aðra, heldur mun hann bjóða hinn vangann slái einhver hann á þann hægri, og vilji einhver hafa af honum kyrtíl hans, gefur hann líka eftir yfirhöfnina (sjá Matt 5:39–40). Beittum átölum frelsarans var beint að hræsnurum. Hræsni er hörmulega skaðleg, ekki aðeins fyrir hræsnarann, heldur einnig fyrir þá sem sjá eða vita af breytni hans, einkum þó börnin. Hún er trúarskemmandi, því sæmdin er sá auðugi jarðvegur sem nærir sáðkorn trúar.

Helgað líf er fagurt. Styrkur þess og friður eru „líkt og afar frjósamt tré, sem gróðursett er á gjöfulu landi, við tært vatn, og ber ríkulega dýrmætan ávöxt“ (K&S 97:9). Áhrif hinna helguðu karla og kvenna á aðra eru afar mikilvæg, einkum á sína nánustu og kærustu. Helgun hinna mörgu sem farið hafa á undan okkur, og annarra sem uppi eru meðal okkar, hefur lagt grunninn að hamingju okkar. Komandi kynslóðir munu á líkan hátt hljóta hugrekki af helguðu lífi ykkar, og gera sér ljósa skuld sína við ykkur fyrir allt það sem raunverulega skiptir máli. Að við megum helga okkur sjálf sem syni og dætur Guðs, svo „að þegar hann birtist, þá verðum vér honum líkir, því að vér munum sjá hann eins og hann er; að vér megum eiga þessa von“ (Moró 7:48; sjá einnig 1 Jóh 3:2), er bæn mín, í nafni Jesú Krists, amen.

## HEIMILDIR

1. *Leit mannsins að lífshamingju*, (bæklingur, 1976), 4–5.
2. B. H. Roberts, „Brigham Young: A Character Sketch,“ *Improvement Era*, júní 1903, 574.
3. Thomas Carlyle, *Past and Present* [1843], 251.
4. Sjá Thomas S. Monson, „Preparation Brings Blessings,“ *Liahóna og Ensign*, maí 2010, 64–67.
5. „Fjölskyldan: Yfirlýsing til heimsins,“ *Vonarstjarnan*, júní 1996, 10; *Ensign*, nóv. 1995, 102).